



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGIR EINLEIKARAR

16. JANÚAR
2020



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir með ungum einleikurum eru hljóðritaðir og verða sendir út á sumardaginn fyrsta á Rás 1.

Áætluð tímalengd:

Flautukonsert 20'

Fiðlukonsert 26'

Harmóníkukonsert 25'

Trompetkonsert 16'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra's website: en.sinfonia.is

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



@icelandsymphony / #sinfó



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

FM 16 JAN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UNGIR EINLEIKARAR

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

Kristín Ýr Jónsdóttir
þverflauta

Sólveig Vaka Eypórsdóttir
fiðla

**Flemming Viðar
Valmundsson**
harmóníka

**Gunnar Kristinn
Óskarsson**
trompet

EFNISSKRÁ

Jacques Ibert

Flautukonsert (1932–1933)

Allegro

Adagio

Allegro scherzando

Max Bruch

Fiðlukonsert nr. 1 í g-moll, op. 26 (1864–68)

Vorspiel: Allegro moderato

Adagio

Finale: Allegro energico

Hlé

Arne Nordheim

Spur, fyrir harmóníku og hljómsveit (1975)

Alexander Arutunian

Trompetkonsert í As-dúr (1950)

EINLEIKARAKEPPNI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara og einsöngvara um að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram föstudaginn 25. og laugardaginn 26. október 2019 í Kaldalóni í Hörpu. Þátttakendur í keppninni í ár voru 20 talsins og stunda þeir allir söng- eða hljóðfæranám á bakkalárstigi. Að þessu sinni báru fjórir nemendur sigur úr bítum og koma þeir fram á tónleikunum í kvöld.

Dómnefnd skipuðu Sigrún Eðvaldsdóttir, formaður, Signý Sæmundsdóttir, Richard Simm og Stefán Jón Bernharðsson.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í kvöld.

Ljósmyndir í tónleikaskrá

Haraldur Jónasson.



ANNA-MARIA HELSING

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Anna-Maria Helsing hóf feril sinn sem fiðlu-leikari en lagði síðan stund á hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Leifs Segerstam. Hún hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og var aðalhljómsveitarstjóri sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu á árunum 2010–13. Hún kemur reglulega fram með öðrum hljómsveitum á Norðurlöndum, svo sem Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi og sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Þrándheimi. Á þessu ári þreytir hún frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitinni í Malmö auk þess að stjórna tveimur af hljómsveitum Breska ríkisútvarpsins (BBC) í fyrsta sinn, en hún var ráðin aðalgestastjórnandi BBC Concert Orchestra í nóvember 2019.

Helsing hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning, bæði eldri verka og nýrra. Fyrsta verkefni hennar á því sviði var árið 2008 þegar hún stjórnaði óperunni *Adriana Mater* eftir Kaiju Saariaho í Finnsku þjóðaróperunni. Hún stýrði frumuppfærslu á óperu Karólínu Eiríksdóttur, *Magnus Maria*, sem sýnd var víða á Norðurlöndum á árunum 2014–16, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík. Í mars síðastliðnum stjórnaði Anna-Maria tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar þar sem verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Þorstein Hauksson, Önnu Þorvaldsdóttur og John Speight voru á dagskrá. Á vormánuðum stjórnaði hún frumflutningi dansverksins *AION* eftir Ernu Ómarsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur á Point tónlistarhátíðinni í Gautaborg en *AION* er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg.

Anna-Maria Helsing leggur sérstaka rækt við nýrri tónlist og hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir það. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldartónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá og árið 2011 hlaut hún Louis Spohr-verðlaunin í Braunschweig, fyrst hljómsveitarstjóra, en þau eru veitt tónlistarmönnum sem ryðja nýrri tónlist braut og kynna hana ungu fólki.



KRISTÍN ÝR JÓNSDÓTTIR

FLAUTULEIKARI

Kristín Ýr Jónsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1998. Hún hóf þverflautunám átta ára gömul í Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar þar sem Guido Bäumer var kennari hennar. Árið 2011 færði hún sig yfir í Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk burtfararprófi þaðan vorið 2018 undir handleiðslu Áshildar Haraldsdóttur. Kristín hefur tekið þátt í ýmsum spennandi verkefnum hérlendis og erlendis. Árið 2014 spilaði hún einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fernum jólatónleikum hennar og var á árunum 2014-2017 meðlimur í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í mars 2018 spilaði hún einleik með Sinfóníuhljómsveit Menntaskóla í tónlist og sumrin 2017 og 2019 spilaði hún með norrænu ungsveitinni Orkester Norden. Hún stundar nú nám við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn undir handleiðslu Ullu Miilmann, fyrsta flautuleikara Dönsku útvarpshljómsveitarinnar.



SÓLVEIG VAKA EYÞÓRSDÓTTIR

FIDLULEIKARI

Sólveig Vaka Eypórsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1994 og hóf fiðlunám átta ára gömul hjá Önnu Rún Atladóttur. Í framhaldi lærði hún hjá Ara Þór Vilhjálmsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og Guðnýju Guðmundsdóttur við Listaháskóla Íslands. Hún stundar nú nám við Tónlistarháskólann í Leipzig undir handleiðslu Erichs Höbarth. Sólveig Vaka hefur spilað með ýmsum tónlistarhópum á Íslandi, þar á meðal CAPUT og Barokkbandinu Brák, og hún er einn stofnmeðlima kammersveitarinnar Elju. Frá árinu 2010 hefur hún sungið með Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Einnig hefur hún spilað með tónlistarmanninum Ólafi Arnalds frá árinu 2015, bæði í upptökum sem og á tónleikum víðsvegar um heiminn. Sólveig Vaka hefur sótt tíma hjá ýmsum fiðluleikurum síðastliðin ár, má þar nefna Tönju Becker-Bender, Ingolf Turban og Elfu Rún Kristinsdóttur. Sólveig Vaka leikur á fiðlu sem Hans Jóhannsson smíðaði fyrir hana í Reykjavík árið 2010.



FLEMMING VIÐAR VALMUNDSSON

HARMÓNÍKULEIKARI

Flemming Viðar Valmundsson, fæddur árið 1995, valdi að læra á harmóníku vegna óskilgreinds innblásturs um átta ára aldurinn og hefur ekki skilið við hana síðan. Hann lærði hjá Guðmundi Samúelssyni í Tónlistarskólanum í Grafarvogi, þar sem hann hélt burtfarartónleika sína á 18 ára afmælisdaginn. Með harmóníkunni hefur hann hlotið ýmis verðlaun og má þar nefna þriðja sæti í alþjóðlegri harmóníkukeppni í Castelfidardo og svo ein af verðlaunum Nótunnar með Harmóníkukvintettinum í Reykjavík. Utan harmóníkkunnar hefur Flemming verið virkur í grasrótahljómssveitastarfi og unnið til ýmissa verðlauna á Músíktilraunum, og lauk hann þremur hljóðfæraprófum við Tónlistarskóla FÍH áður en hann hélt utan í klassískt tónlistarnám. Hann stundar nú bakkalárnám við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn hjá Geir Draugsvoll, einum fremsta harmóníkukennara heims, og hefur einnig fengið þar leiðsögn hjá herskara af risum harmóníkuheimsins.



GUNNAR KRISTINN ÓSKARSSON

TROMPETLEIKARI

Gunnar Kristinn Óskarsson hóf trompetnám sex ára gamall í Skólahljómsveit Austurbæjar undir leiðsögn Bjarna Guðmundssonar og síðar Odds Björnssonar. Hann spilaði svo næstu 11 ár í Skólahljómsveitinni undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur. Með hljómsveitinni tók hann þátt í tónleikaferðum til útlanda, Nótunni og fleiri verkefnum. Árið 2013 hóf hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Eiríks Arnar Pálssonar og síðar einnig Ásgeirs Steingrímssonar og útskrifaðist þaðan með framhaldspróf 2017. Haustið 2018 lá leiðin til Kaupmannahafnar þar sem hann stundar nú nám við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium hjá Nikolaj Viltoft og Jonas Wiik. Gunnar lék með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2014–2017. Hann hefur einnig leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Malmö Sinfonietta og DKDM Symfoniorkester. Gunnar hefur sótt meistaranámskeið hjá Håkan Hardenberger, Phil Cobb, Omar Tomasoni og fleirum. Hann er einnig virkur meðlimur í kammerhópunum Lúðraflokki lýðveldisins og kvartettinum Málmi. Gunnar tekur reglulega þátt í tónlistarflutningi í Bústaðakirkju og hefur um árabíl átt mikið og gott samstarf við Jónas Þóri, kantor kirkjunnar.



JACQUES IBERT

FLAUTUKONSERT

Jacques François Antoine Ibort var fæddur í París 1890 og lést þar 1962. Hann er einna helst þekktur fyrir sínfónísku svítuna *Escales* og flautukonsert sinn en hann samdi einnig önnur hljómsveitarverk, óperur, balletta, sönglög og kammertónlist. Ibort lærði tónsmíðar í konservatoríinu í París þar sem hann lærði hjá Émilie Pessard, André Geldage og Paul Vidale. Ibort gerði hlé á námi sínu til að þjóna í franska sjóhernum í heimsstyrjöldinni fyrri en hóf aftur nám að stríði loknu og vann keppnina Prix de Rome árið 1919 fyrir kantötuna *Le potète et la fée*. Tónlist hans ber með sér einkenni impressjónisma og nýklassikur, einkennist af litríkri hljómasetningu og kímniáfu.

Ibort samdi flautukonsert sinn á árunum 1932–1933 og tileinkaði hann Marcel Moysse, einum áhrifamesta flautuleikara seinustu aldar. Moysse frumflutti verkið í París árið 1934 og enginn annar en flautuprófessorinn og tónskáldið Philippe Gaubert hélt um tónspottann. Ibort var umhugað um að allir eiginleikar þess einleikshljóðfæris sem hann skrifaði fyrir skínu í gegn í konsertum hans, en haft er eftir Ibort: „Ég hef gefið einleikshljóðfærunum í konsertum mínum laglínur sem henta vel hljóðheimi þeirra og fara ekki út fyrir mörk þeirra.“

Konsertinn er í hefðbundnu þriggja þátta formi, með hröðum fyrsta kafla, hægum öðrum kafla og leiftrandi hröðum þriðja kafla. Verkið hefst á kraftmiklum inngangi hljómsveitarinnar. Flautan tekur síðan yfir og kaflinn þróast í samtal flautu og hljómsveitar. Annar kafla ætti að hitta beint í hjartastað með undurfögum laglínnum og tilfinningahlöðnum hápunkti. Lokaþátturinn er fullur af fjöri með millikafla á alvarlegri nótum en undir lokin nær glöðværðin yfirhöndinni á nýjan leik.

Kristín Ýr Jónsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Flautukonsert Iborts heyrðist í fyrsta sinn á tónleikum Sínfóníu-hljómsveitar Íslands á aðventunni árið 1965. Páll P. Pálsson stjórnaði flutningnum en einleikari var enski flautuleikarinn Geoffrey Gilbert. Tíu árum síðar kom Jean-Pierre Rampal, sem þá var einn dádæsti flautuleikari veraldar, og lék verkið undir stjórn lands síns og nafna, Jean-Pierre Jacquillat. Síðan þá hefur flautukonsertinn hljómað alls 8 sinnum, síðast í meðförum Emilíu Rósar Sigfúsdóttur (2016) og Stefáns Ragnars Höskuldssonar (2017).



MAX BRUCH

FIDLUKONSERT

Max Bruch (1838–1920) hafði lítið álit á fiðluleikurunum sem skrifuðu honum í hrönnum og óskuðu eftir nótum að fyrsta fiðlukonserti hans. „Vita þeir ekki að ég á tvo aðra fiðlukonserta, sem eru alveg jafn góðir og sá fyrsti, ef ekki betri?“ spurði hann útgefanda sinn.


Tónskáldið þýska samdi fjölda verka á sinni löngu ævi og nutu tónsmíðar hans mikillar hylli, þó engin þeirra jafn gifurleugar og fyrsti fiðlukonsertinn. Bruch hélt tryggð við tilfinningaþrunginn hljóðheim rómantíkur á þeim tíma sem hljómræn djörfung og meitlaður hrynur Ígors Stravinskíj hafði gagntekið tónlistarheiminn. Verk Bruchs þóttu of gamaldags og undir lok ævi hans voru mörg þeirra fallin í gleyskunnar dá.

Þótt Bruch hafi sjálfum gramist það má telja vinsældir fyrsta fiðlukonserts hans auðskildar. Fyrsti kaflinn er óvenjulegur í formi; hann hefst sem spunakennt forspil hjá einleiksfíðlunni áður en hljómsveitin leiðir inn í taktfastari meginþátt kaflans. Í lok kaflans snúa upphafskadensurnar aftur og þaðan tengir hljómsveitin rólega yfir í næsta kafla. Það verður varla um það deilt að annar kaflinn er hjarta þessa verks, með óviðjafnanlegar laglínur sem skiptast milli einleikara og hljómsveitar. Fjörugur lokakaflinn er svo hálfgerður dans með ungerskum blæ, en þar má einnig greina áhrif ungerska fiðlusnillingins Josephs Joachim, sem vann að konsertinum með Bruch um árabíl. Joachim breytti ýmsu í konsertinum og hvatti Bruch einnig til dáða þegar hann hafði sjálfur misst trú á sér og getu sinni til að klára verkið. Þegar Bruch afhenti Joachim lokaútgáfu verksins í handriti stóð þar skrifað: „Tileinkað Joseph Joachim, með virðingu.“ Joachim krotaði yfir það og ritaði þau fögru orð sem allir fiðluleikarar lesa áður en þeir hefjast handa við þetta verk: „Tileinkað Joseph Joachim, í vináttu.“

Sólveig Vaka Eypórsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var rússneski fiðlusnillingurinn Issay Mitnitsky sem fyrstur flutti konsert Bruchs á Íslandi, í Nýja bíói í Reykjavík og Samkomuhúsinu á Akureyri vorið 1927. Þá var konsertinn fluttur við píanoméðleik Valborgar Einarsson. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék konsertinn fyrst árið 1951 og þá lék Ruth Hermanns á fiðluna. Síðan hefur hann hljómað alloft á tónleikum hljómsveitarinnar. Má nefna að Arve Tellefsen lék konsertinn árið 1974, Sigrún Eðvaldsdóttir á tónleikaferð sveitarinnar um Suðurland árið 1999 og Eva Þórarinsdóttir haustið 2014. Þá lék Ari Þór Vilhjálmsson konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2007 og Chrissie Thelma Guðmundsdóttir með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík ári síðar.



ARNE NORDHEIM

SPUR

Norsk alþýða var lengi að taka í sátt skarkalann og hávaðann sem þótti einkenna tónsmíðar Arne Nordheim (1931–2010), tónskálds sem reyndi á þanþol klassískrar tónlistar í Noregi og víðar. Hann var þó ekki lengi að komast í fremsta flokk innan jaðartónlistarkreðsunnar í Evrópu, fyrst með *Canzona per orchestra* (1961) en einkum með *Epitaffio per orchestra e nastro magnetica* (1963). Hann hafði þá þegar viðfeðma reynslu, lauk tónsmíðanámi frá þánefndum Oslóartónlistarháskóla, lærði hjá Vagn Holmboe, lagði stund á *musique concrète* í París og stundaði raftónsmíðar í Bilthoven árið 1959. Þeim sinni hann svo áfram í Varsjá á árunum 1967–72, en einmitt um þær mundir komst hann í kynni við danskan harmóníkuleikara, Mogens Ellegaard. Nordheim og Ellegaard, sem síðan hefur verið kallaður „faðir klassísku harmóníkunnar“, unnu saman að því markmiði Ellegaards að auðga verkasafn harmóníkunnar, og meðal afreka þeirra var konsertinn *Spur* (1975) fyrir harmóníku og hljómsveit. Titillinn *Spur* (Slóð/Spor) skýrir ekki innihald verksins með beinum hætti. Þó mætti túlka efnið sem svo að í einsemd sinni skilji harmóníkan eftir spor í tónalandslagi hljómsveitarinnar og hljómsveitin sömuleiðis slóð í leik harmóníkunnar, en einsemd er sterkt þema í verkum Nordheims. Eitt helsta bindiefni konsertsins er stereófónía, þar sem Nordheim nýtir sér sérstakt hljómeðli harmóníkunnar (sem er eina fullkomlega stereófóníska hljóðfærið í heimi klassískrar tónlistar) til að skapa einstaka rýmismynd, og fylgir hljómsveitarpurturinn þeirri hugmynd mikið eftir. Nordheim og Ellegaard umskrifuðu kadensuna úr *Spur* 11 árum síðar og útbjuggu hana sem einleiksverkið *Flashing*, sem í dag er eitt þekktasta og víðleiknasta harmóníkuverk heims. Nordheim var á endanum hylltur sem hetja norskrar menningar og bjó í heiðurslistamannaþúð Noregskonungs frá 1982 til dauðadags.

Flemming Viðar Valmundsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Spur hefur einu sinni áður hljómað á Íslandi, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Norrænum músikdögum 1976, og var Mogens Ellegaard einleikari. Arne Nordheim kom nokkrum sinnum til Íslands; hann kynnti verk sín í Norræna húsinu í janúar 1971 og aftur ári síðar, og var viðstaddur flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verki sínu, Wirklicher Wald, árið 1986. Þá samdi hann sérstaklega fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands verkið Polygon, sem var frumflutt í Háskólabíói árið 1976.



ALEXANDER ARUTUNIAN

TROMPETKONSERT

Alexander Arutunian (1920–2012) var armenskt tónskáld og píanóleikari. Hann er þekktastur fyrir trompetkonsert sinn sem hann lauk við árið 1950. Hann var prófessor við Tónlistarskólann í heimabæ sínum Jerevan og var margverðlaunaður bæði í Armeníu og Sovétríkjunum fyrir verk sín. Arutunian lærði tónsmíðar í Moskvu á árunum 1946–48 og kynntist þar bæði Shostakovitsj og Katsjaturían sem báðir höfðu mikil áhrif á hann. Sá síðarnefndi kom hingað til lands og stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í mars 1951. Á tíma Ráðstjórnaríkjanna einkenndist tónlist Arutunians af þjóðernishyggju og var til þess gerð að þóknast ráðamönnum, til dæmis *Sinfónískt ljóð í minningu ofursta Zakiyan* (1948), *Kantata um móðurlandið* (1949) og *Kantata um Lenin* (1950).

Upphaflega hafði Arutunian í huga að skrifa trompetkonsert árið 1943 fyrir Zsolak Vartasarian, sem lék fyrsta trompet í Armensku Fílharmoníusveitinni, en þau áform urðu að engu þegar hann lést í stríðinu. Arutunian lauk við smíði konsertsins árið 1950 og það var Aykaz Messlayan sem frumflutti hann sama ár. Fyrsta upptakan og ein af þeim vinsælustu er með Timofei Dokschtzer en hann vakti mikla athygli á konsertinum og ekki síst vestanhafs þar sem hann hefur fest sig í sessi sem eitt af meginverkum trompetbókmenntanna.

Konsertinn er í einum kafla sem erfitt er að formgreina á hefðbundinn hátt, en hann kemst líklega næst rapsódíu eða breyttu rondóformi. Konsertinn hefst á tilfinningaþrungnu upphafsstefi sem leiðir inn í fjörugt og grípandi aðalstef, þar á eftir tekur við hægur syngjandi kafli sem leiðir inn í tilbrigði við aðalstefið þar sem tóntegundin er heldur óræð og tónmiðjan færirst ört. Þar á eftir tekur við annar hægur kafli og í þetta sinn er trompetinn með dempara og djassáhrif greinileg. Næst tekur aðalstefið við og nú í upphaflegri mynd en þar á eftir tekur við löng kadensa sem bindur enda á konsertinn.

Gunnar Kristinn Óskarsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt trompetkonsert Arutunians alloft, síðast með Jóhanni Má Nardeau á Menningarnótt árið 2012. Áður lék Lárus Sveinsson konsertinn á tónleikaferð um Norður- og Austurland árið 1979, auk þess sem Ásgeir Steingrímsson flutti verkið í Háskólabíói árið 1984 og á tónleikaferðalagi um Norðurland 1999.

Á DÖFINNI

FIN 23^{JAN} 19:30



INKINEN STJÓRNAR BARTÓK

Breska tónskáldið Anna Clyne hefur vakið heimsathygli á síðustu árum fyrir tónlist sína. Hér hljómar sprellfjörugur og áheyrilegur forleikur sem hún samdi fyrir Proms-tónlistarhátíðina árið 2013. Víólukonsert Williams Walton frá árinu 1929 er lykilverk sinnar gerðar og festi höfundinn í sessi sem eitt helsta tónskáld Bretlandseyja. Konsert fyrir hljómsveit var eitt síðasta verkið sem Béla Bartók lauk við áður en hann lést árið 1945. Í konsertinum sýnir hann allar hliðar hljómsveitarinnar á glæsilegan hátt enda er þetta eitt dádasta hljómsveitarverk 20. aldar. Hljómsveitarstjóri er Pietari Inkinen.

FIN 30^{JAN} 19:30



HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

Árið 2020 verða 40 ár liðin frá því að tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar var haldin í fyrsta sinn. Þá lék Símfóníuhljómsveit Íslands á upphafstónleikum hátíðarinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og hafa tónleikar Símfóníunnar verið meðal stórvíðburða hátíðarinnar allar götur síðan. Á þessum hátíðartónleikum hljómar *Hjakk* eftir Atla Heimi Sveinsson, *Konsert fyrir hljómsveit* saminn af Snorra Sigfúsi Birgissyni, harmóníkukonsert Huga Guðmundssonar, *Ós* eftir Báru Gísladóttur og *Sinfonia* samin af Missy Mazzoli. Einleikari er Andreas Borregaard og um tónsprotann heldur Daníel Bjarnason.

FOS 21TH 19:30



MAHLER OG DEBUSSY

Glæsileg tónlist tengd hafinu og vorinu hljómar á þessum tónleikum undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Hannu Lintu. Hin franska Lili Boulanger lést aðeins 24 ára gömul árið 1918 en hafði þá þegar samið glæsileg tónverk, meðal annars hina ljúfu vorstemningu sem hljómar í upphafi tónleikanna. *Des Knaben Wunderhorn*, eða *Drengsins nægtahorn*, er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem Gustav Mahler sótti innblástur í þegar hann samdi samnefndan söngvabálk. Hafið er í forgrunni á síðari hluta tónleikanna og þar heyrast *Sjávarmyndir* Britzens og *La mer* eftir Debussy. Einsöngvari á tónleikunum er bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung.

ÁSKRIFT AÐ
FÖSTUDAGSRÖÐINNI
VEITIR ÞÉR 20% AFSLÁTT.
EINNIG ER HÆGT AÐ
KAUPA MIÐA Á STAKA
TÓNLEIKA Á 3.100 KR.

FÖSTUDAGSRÖÐ Í NORÐURLJÓSUM

Föstudagsröðin hefur göngu sína næstkomandi föstudag í Norðurljósum. Á tónleikum raðarinnar er teflt saman spennandi hljómsveitar- og kammertónlist þar sem tónleikagestir eru í sannkölluðu návígi við flytjendur. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés og eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.

FOS **17** JAN 18:00




Kammertónleikar

RAKHMÁNÍNOV OG GUBAIDULINA

Á fyrstu tónleikum raðarinnar er boðið upp á kammerverk eftir tvo rússneska meistarara, píanótrío eftir Rakhmanínov og píanókvintett eftir Gubaidulinu. Bæði verkin eru æskutónsmíðar en sýna glöggt hvílíkar gáfur þau höfðu til brunns að bera. Sergej Rakhmanínov var eitt helsta tónskáld síðrómantíkur en Sofia Gubaidulina er eitt virtasta tónskáld samtímans.

FOS **20** MAR 18:00



Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

UPPLJÓMUÐ NÓTT

Strengjasveit hljómsveitarinnar er í sviðsljósinu á þessum tónleikum þar sem hljóma tvö meistaraverk frá fyrri hluta 20. aldar. Arnold Schönberg samdi meistaraverkið *Verklärte Nacht* á aðeins þremur vikum og byggði á samnefndu ljóði þar sem segir frá ungum elskendum á skógargöngu að kvöldlagi. Á tónleikunum hljómar einnig tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók sem er lykilverk á ferli hans, samið árið 1936. Það hefur verið kallað „ein fullkomnasta tónsmíð sem Bartók samdi“ og sagt að það spanni allar þær mótsagnir sem gera list hans svo hrífandi. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.

FOS **08** MAI 18:00



Sinfónía og strengjakvartett

SÓLSKINNSSINFÓNÍAN

Á þriðju tónleikum raðarinnar leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands sínfóníu nr. 2 eftir Johannes Brahms. Sínfónían er ljúfasta og áheyrilegasta verk hans og nýtur verðskuldaðra vinsælda. Einn vinur tónskáldsins lýsti verkinu svo: „Ekkert nema heiðblár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“ Þá hljómar einnig bráðsnjall kvartett fyrir fjórar fiðlur eftir hina pólsku Grazyna Bacewicz í flutningi fiðluleikara úr hljómsveitinni. Stjórnandi er Rafael Payare, sem ólst upp í El Sistema-hljómsveitakerfinu en er nú aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í San Diego.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

16. JANÚAR 2020

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pascal La Rosa
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Justyna Bidler
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard

VÍOLA

Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Łucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Stefano Flaibani
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Mark Tetreault

HARPA

Katie Buckley

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Svanhvit Hrólfsdóttir *fjármálastjóri*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjórdís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ


SNILLD FYRIR ÞIG

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.800 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA